



Valgreinar skólaárið 2018-2019

Valblað – 8. bekkur

Nafn _____ bekkur _____

Valgreinablaði þarf að skila til umsjónarkennara í síðasta lagi miðvikudaginn 30. maí.

Nemendur í 8. bekk fá að velja 2 kennslustundir á viku í frjálsum vali.

Hér að neðan er listi yfir þær valgreinar sem verða í boði skólaárið 2018-2019. Setjið nr. 1 og 2 við þær greinar sem þig langar mest í en merktu svo x við a.m.k 4 greinar til viðbótar.

Athugið að valgreinarnar eru aðeins í boði hálfan veturinn.

Í sviga fyrir aftan hverja valgrein er talan 1 eða 2 en hún merkir tímafjölda á viku í hverri grein.

Lýsingar á valfögum er að finna á heimsíðu skólans.

- _____ Bellanet – sjálfstyrking fyrir stelpur (2)
- _____ Boltaval (2)
- _____ Forritun (2)
- _____ Grafík (2)
- _____ Íslenskar glæpasögur haustönn Yrsa – Ég man þig (1)/ Heimspeki (1)
- _____ Íslenskar glæpasögur vorönn Arnaldur – Mýrin (1)/ Heimspeki (1)
- _____ Lego(2)
- _____ Líkamsrækt (2)
- _____ Leirmótun (2)
- _____ Myndvinnsla (2)
- _____ Skartgripagerð (2)
- _____ Smíði (2)
- _____ Útivist (2) - **kostnaður fylgir þessu vali vegna ferða sem farnar verða**
- _____ Vefsíðugerð (2)
- _____ Ævintýra – og vísindaskáldskapur (2)

Val nemenda hefur áhrif á skipulag skólastarfsins og því verða breytingar á vali ekki mögulegar þegar skóli hefst í haust. Það skal tekið fram að aðstæður geta valdið því að ekki verði unnt að verða við öllum óskum nemenda um fyrsta valáfanga og mun þá næsti kostur verða valinn og síðan koll af kalli.

Val utan skóla

Í Aðalnámskrá Grunnskóla segir:

Skipulegt nám og íþróttaiðkun utan skóla metið sem valgrein.

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir: „Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem að því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs“.

Dæmi um skipulagt nám og íþróttaiðkun sem skólustjórn Lágafellsskóla mun samþykka að meta til valgreina er: skipulagt tónlistarnám, íþróttaiðkun s.s. fótbolti, körfubolti, handbolti, frjálsar íþróttir, karate, badminton, fimleikar, hestasport og samkvæmisdans.

Einnig er samþykkt listnám eins og ballett, myndlist og leiklist. Sjálfboðaliðsstarf eins og skipulagt starf í björgunarsveit og skátum er einnig metið.

Hver grein samsvarar tveimur kennslustundum á viku í vali.

Hyggist nemandi fá ofangreint metið þarf hann að merkja við það sérstaklega á valblaðið hér fyrir neðan, þegar hann velur fyrir næsta skólaár. Nemandinn þarf síðan að skila á skrifstofu skólans staðfestingu frá viðkomandi íþróttafélagi/ skóla í síðasta lagi 15. september 2018. Ef það er ekki gert skráist ólokið á einkunnablað. **Það er á ábyrgð foreldra að láta vita ef að nemandinn hættir í námi sem er metið í stað náms í skólanum.**

Neðangreint er metið fyrir allt árið nema beðið sé um annað.

_____ Íþróttæfingar; grein sem iðkuð er _____

_____ hjá íþróttafélaginu _____

_____ Listir, grein og hvar _____

_____ Annað, hvað _____

Nemandi

Foreldri